15 d. Hinn fjórði fer frá *Höfða*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Akureyri, um Hjaltastað að *Kirkjubæ* í *Hróarstungu* og sömu leið aptur að *Höfða*.

e. Hinn fimmti fer sömuleiðis frá *Höfða*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Akureyri, yfir Lagarfljót um *Ás* í *Fellum* að *Valþjófsstað* og sömu leið aptur að *Höfða*.

f. Hinn sjötti fer frá *Fossvöllum*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Akureyri, að *Hákonarstöðum* og sömu leið aptur að *Fossvöllum*.

g. Hinn sjöundi fer frá *Eskifirði*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Bjarnanesi, um *Búðareyri* við *Reyðarfjörð* og *Kolfreyjustað* að *Stöð* í *Stöðvarfirði* og sömu leið aptur að *Eskifirði*.

h. Hinn áttundi fer sömuleiðis frá *Eskifirði*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Bjarnanesi, að *Skorrastað* í *Norðfirði* og snýr þaðan aptur á *Eskifjörð*.

17. SKAPTAFELLSSÝSLUPÓSTURINN fer frá *Prestsbakka*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Odda, að *Borgarfelli* í *Skaptártungu* og snýr þaðan aptur að *Prestsbakka*.

18. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Odda* að *Ljótarstöðum*, daginn eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að *Odda*. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á aðalpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

19. RANGÁRVALLASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:

a. Fer annar frá *Ási* í Holtum, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Skarði* á *Landi* og snýr þaðan aptur að *Ási*.

b. Hinn fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að *Teigi* í *Fljótshlíð* og þaðan aptur sömu leið að *Odda*.

20. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd* í *Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Úlfljótsvatni* í *Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.

b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Arnarbæli* í *Grímsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.

d. Hinn fjórði fer og frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 27. febrúar 1892.
Landshöfðinginn yfir Íslandi,
**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

16

# Ágrip

af reikningi landsbankans 1. október til 31. desbr. 1891.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Í sjóði 1. október | | | 68,700 65 |
| 2. | Seðlar frá landssjóði | | | 70,000 » |
| 3. | Borguð lán: | | | |
| | a. | Fasteignarveðslán | 43,020 04 | |
| | b. | Sjálfsskuldarábyrgðarlán | 17,942 30 | |
| | c. | Handveðslán | 978 55 | |
| | d. | Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. | 1,197 80 | |
| | e. | Reikningslán | 1 18 | 63,139 87 |
| | | | Flyt | 201,840 52 |

| | | | Kr. a. | 16 |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt | 201,840 52 | |
| 4. | Víxlar innleystir | | 76,595 » | |
| 5. | Ávísanir innleystar | | 625 » | |
| 6. | Vextir | | 25,005 15 | |
| 7. | Diskonto | | 364 54 | |
| 8. | Ýmislegar tekjur | | 48 90 | |
| 9. | Frá Landmands-bankanum | | 28 15 | |
| 10. | Innlög á hlaupareikning | | 39,284 » | |
| 11. | Sparisjóðsinnlög | | 112,132 35 | |
| 12. | Til jafnaðar móti gjaldlið 9 a—c | | 21,769 52 | |
| | | Samtals | 477,693 13 | |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Lán veitt: | | |
| | a. Fasteignarveðslán | 55,201 » | |
| | b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán | 21,940 » | |
| | c. Handveðslán | 8,000 » | |
| | d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl. | 3,250 » | |
| | e. Reikningslán | 120 » | 88,511 » |
| 2. | Víxlar keyptir | | 33,175 » |
| 3. | Ávísanir keyptar | | 500 » |
| 4. | Útborgað af innlögum á hlaupareikning | | 38,649 41 |
| 5. | Útborgað af sparisjóðsinnlögum | 109,550 95 | |
| | Útborgaðir dagsvextir þar af | 158 76 | 109,709 71 |
| 6. | Til Landmands-bankans | | 980 » |
| 7. | Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.) | | 1,925 86 |
| 8. | Ýmisleg útgjöld | | 205 73 |
| 9. | Vextir af: | | |
| | a. Innstæðufje á hlaupareikning | 76 03 | |
| | b. Innstæðufje með sparisjóðskjörum | 18,775 21 | |
| | c. Innstæða varasjóðs landsbankans fyrir 1891 | 2,918 28 | 21,769 52 |
| 10. | Í sjóði 31. desbr. | | 182,266 90 |
| | | Samtals | 477,693 13 |

*Athugasemdir*:

Landsbankinn átti 31. desbr. 1891:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Skuldabrjef fyrir lánum: | | |
| | a. Fasteignarveðsskuldabrjef | 627,543 04 | |
| | b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef | 103,125 84 | |
| | c. Handveðsskuldabrjef | 42,228 » | |
| | d. Skuldabrjef fyrir lánum sveita- og bæjarfjelaga o. fl. | 22,005 47 | |
| | e. Skuldabrjef fyrir reikningslánum | 496 49 | 795,398 84 |
| 2. | Önnur skuldabrjef: | | |
| | a. Konungl. ríkisskuldabrjef | 249,200 » | |
| | b. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupst. | 1,500 » | 250,700 » |
| 3. | Víxla | | 21,395 » |
| 4. | Avísanir | | 1,565 » |
| 5. | Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð | | 1,050 » |
| 6. | Hjá Landmands-bankanum | | 2,356 83 |
| 7. | Í sjóði | | 182,266 90 |
| | | Alls | 1,254,732 57 |

16

| | | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 31. desbr. 1891 | | | 500,000 | » |
| Innlög á hlaupareikning s. d. | 5319 | 70 | | |
| Að viðbættum vöxtum fyrir 1891 | 76 | 03 | 5,395 | 73 |
| Sparisjóðsinnlög 31. desbr. 1891 | 586,466 | 20 | | |
| Að viðbættum vöxtum fyrir 1891 | 18,775 | 21 | 605,241 | 41 |
| Varasjóður bankans var 1. jan. 1891 | 83,379 | 43 | | |
| Vextir þar af fyrir 1891 | 2,918 | 28 | 86,297 | 71 |
| Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 31. des. 1891 | | | 22,871 | 15 |
| Ymsar tekjur, sem enn eru eigi lagðar við varasjóð | | | 34,926 | 57 |
| Alls | | | 1,254,732 | 57 |

Stjórn landsbankans 18. febr. 1892.

*L. E. Sveinbjörnsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.*

## STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893.

12. gr. B. b.

Veittar 10 krónur til endurgjalds kostnaði við aðgjörð á aðalpóstleiðinni yfir Vaðlaheiði.

Veittar 64 kr. til endurgjalds kostnaði við skoðunargjörð á vegabótum þeim, er gjörðar voru sumarið 1891 á aðalpóstleiðinni um Húnavatnssýslu 1891.

Veittar 88 kr. til endurgjalds kostnaði við vörðuhleðslu á Holtavörðuheiði.

Veittar 25 kr. til endurgjalds kostnaði við endurbætur á aðalpóstleiðinni í Mýrasýslu.

Veittar 49 kr. 30 a. til að gjöra við brú hjá Grímsá í Borgarfjarðarsýslu.

Veittar 4 kr. 33 a. upp í kostnað við aðgjörð á aðalpóstveginum frá Krókeyri að Gilsferju í Eyjafjarðarsýslu.

Veittar 8 kr. 75 a. til endurgjalds kostnaði við aðgjörð á aðalpóstleiðinni um Hraungerðishrepp haustið 1890 og vorið 1891.

Veittar 217 kr. 50 a. til endurgjalds kostnaði við vörðuhleðslu á svonefndri Austra-selsheiði á Mývatnsöræfum.

Veittar 7 kr. upp í kostnað við að festa upp reglur fyrir umferð yfir Ölfusárbrúna.

Veittar 8 kr. 60 a. til vegabóta í Hraungerðishreppi.

Veittar 461 kr. 90 a. upp í kostnað við vegabót á Hesthálsi og Varmalækjarmelum.

Veittar 500 kr. til endurgjalds kostnaði við vegagjörðir í Suðuramtinu 1891 svo og til innkaupa á áhöldum til vegagjörðar.

Veittar 24 kr. fyrir skoðunargjörð á sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum.

Veittar 129 kr. 70 a. til áhalda til vegagjörða á aðalpóstleiðum.

Veittar 32 kr. 50 a. til aðgjörðar að brú fyrir neðan Víðimýri.

12. gr. B. c.

Veittar 67 kr. upp í kostnað við ruðning á veginum frá Hrauni í Ölfusi að Kolviðarhóli.

## EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

4. febr. veitti landshöfðingi settum presti að Staðarhrauni, sjera *Guðlaugi Guðmundssyni*, Skarðsþingaprestakall í Dalaprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum að telja eptir að tillögu safnaðarins hafði verið um það leitað.

11. febr. veitti landshöfðingi presti að Höfða í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, sjera *Gunnari Ólafssyni*, lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum að telja með eptirlaunum sakir ellilasleika.

S. d. veitti landshöfðingi presti að Stað í Steingrímsfirði, sjera *Ísleifi Einarssyni*, lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum að telja sakir heilsubrests.

## ÓVEITT PRESTAKÖLL.

*Höfða prestakall* (Grenivíkursókn) í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi; prestsetrið er að Grenivík. — Metið 923 kr. 45 a., augl. 24. febr. 1892. Veitist frá næstu fardögum.

*Staður í Steingrímsfirði* í Strandaprófastsdæmi. Prestsekkja nýtur $^1/_{10}$ af föstum tekjum prestakallsins og uppgjafaprestur fær af því í eptirlaun 279 kr. 84 a. Metið 1479 kr. 84 aur. — Augl. 24. febrúar 1892. Veitist frá næstu fardögum.